

# Grunnskóli Hornafjarðar



Fréttabréf 1. tbl. 15. árg. maí 2021

Ábyrgðarmaður: Þórgunnur Torfadóttir

## Almennur foreldrafundur 18. maí kl. 17:00-18:00

Þriðjudaginn 18. maí kl. 17:00-18:00 verður almennur foreldrafundur á vegum skólaráðs og fræðslunefndar í salnum í Vöruhúsinu.

### Dagskrá

1. Styrkleikar, veikleikar, ógnanir og tækifæri (SVÓT) – unnið verður í litlum hópum með málaflokkinn
2. Kjör fulltrúa í skólaráð næsta vetur



Samkvæmt lögum ber Skólaráði að halda einn almennan foreldrafund á hverju skólaári. Í ljósi niðurstaðna Skólapúlsins var ákveðið að fara í SVÓT greiningu en þá gefst foreldrum kostur á að setja á dagskrá öll þau mál sem þeir vilja ræða. Í foreldrakönnun Skólapúlsins sem kemur ágætlega út, ber samt á meiri óánægju með skólann en síðustu ár. Á sama tíma koma nemenda og starfsmannakannanir mjög vel út og jafnvel betur en áður. Hér á eftir verður greint lauslega frá helstu niðurstöðum Skólapúlsins en niðurstöðurnar í heild sinni eru komnar á heimasíðu skólans <https://gs.hornafjordur.is/stefna-og-aaetlun/sjalfsmat/innra-mat/>. Ekki verður legið yfir niðurstöðum Skólapúlsins á fundinum heldur frekar horft til þess hverjir eru styrkleikar skólans og veikleikar, hverjar eru helstu ógnanir og hver eru tækifærin. Niðurstöðurnar munu svo verða nýttar í frekari stefnumótun við skólann.

Vegna fjöldatakmarkanna ætlar foreldrafélagið að halda utan um skráningar á fundinn svo fjöldatakmörk verði ekki brotin. Hlökkum til að sjá ykkur

Skólaráð og fræðslunefnd

## **Foreldrakönnun Skólapúlsins**

Í foreldrakönnun kemur fram að foreldrum finnst stjórnun skólans og aginn í skólann marktækt verri en öðrum foreldrum á landinu. Ánægja með tómstundabjónustu er líka marktækt minni en marktækt fleiri nýta þó tómstundabjónustuna og mötuneytið í samanburði við aðra skóla. Í þáttum sem snúa að velferð nemenda koma 7 af 10 þáttum verr út en landsmeðaltal og verr út en þeir hafa gert hér. Einnig koma 6 af 8 þáttum sem snúa að foreldrasamstarfi verr út en í fyrra. Foreldrar eru þó almennt sáttir við aðstöðu og þjónustu í skólanum og heimastuðningur kemur vel út.

### **Nemendakönnun Skólapúlsins í 1. – 5. bekk**

Í stuttu máli sagt koma allir þættir í nemendakönnun í 1.-5. bekk marktækt betur út hér en á landinu í heild. Að sjálfsögðu eru ekki allir jafn ánægðir með allt en í heildina kemur könnunin einstaklega vel út.

### **Nemendakönnun Skólapúlsins í 6. – 10. bekk**

Síðasti hópur í nemendakönnun 6.-10. bekkjar á eftir að ljúka sínum hluta en eftir að 2/3 hafa skilað sínum svörum eru niðurstöðurnar að flestir þættir koma betur út en áður. Virkni nemenda í skólanum hefur ekki breyst mikið en í samanburði við landið kemur skólinn þó betur út. Í líðan og heilsa eru virkilega góðar niðurstöður og er t.d. marktækur munur á því að nemendum finnst þeir hafa stjórn á lífi sínu. Eini þátturinn sem kemur illa út er að nemendur hér telja sig borða marktækt óhollari mat en aðrir.

Skóla- og bekkjarandi kemur mjög vel út í öllu nema aga. Þar telja nemendur okkar agann marktækt verri en aðrir nemendur á landinu.

### **Starfsmannakönnun Skólapúlsins**

Starfsmannakönnun Skólapúlsins kemur mjög vel út líkt og undanfarin ár og eru nokkrir þættir sem koma marktækt betur út hér en annars staðar. Það er t.a.m. skuldbinding til vinnustaðarins, ánægja með vinnuaðstöðu, stuðningur við nýsköpun, ánægja með kennarastarfið og faglegur stuðningur skólastjóra við kennara. Þeir þættir sem koma ekki nægilega vel út eru upplýsingamiðlun til foreldra, stuðningur við kennara vegna nemenda með hegðunarörðugleika og samvinna um kennslu.